

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 46/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hirti Cyrussyni

(Örn Clausen hrl.).

Brot gegn 195. gr. alm. hgl. Húsbrot. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi gerir þær kröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Með því að ryðjast heimildarlaust inn í íbúð X hefur ákærði gerst brotlegur við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með yfirlýsingu 12. janúar 1990 krafðist X m.a. þess, að ákærða yrði refsað fyrir athæfi sitt. Var opinber ákæra því heimil, sbr. 242. gr., 2. tölulið a, sömu laga.

Ákærði er í héraðsdómi réttilega sakfelldur fyrir brot gegn 195. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómur var kveðinn upp mánudaginn 17. desember 1990, en ekki á þriðjudegi, eins og í héraðsdómi greinir. Þá var ákæruskjal út gefið 12. mars 1990, en ekki 29. ágúst.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hjörtur Cyrussón, greiði allan áfrýjunarkostnað

málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákærði braut sér leið inn í íbúð vitnisins X. Sýnir það einbeittan ásetning hans um að koma fram vilja sínum. Samkvæmt því tel ég, að refsing ákærða eigi að vera óskilorðsbundin. Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 702/1990: Ákærvaldið gegn Hirti Cyrussyni, sem tekið var til dóms 20. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. ágúst sl., gegn ákærða, Hirti Cyrussyni, Skipasundi 19, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1961, fæðingarnúmer 272, „fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. nóvember 1989 brotist inn í íbúðina, Reykjavík, og haft samfarir við X, sem þar svaf ölvunarsvefni í svefnherbergi og skynjaði ekki, hvað gerðist, fyrr en um morguninn, er hún vaknaði með ákærða nakinn við hlið sér í rúminu.

Telst þetta varða við 195. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Fimmtudaginn 23. nóvember 1989 kom stúlkan X til rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna kynferðislegrar misneytingar nóttina áður, á meðan hún svaf ölvunarsvefni. Var hún yfirheyrð í framhaldi af því svo og við meðferð málsins.

X segir, að umrætt sinn hafi hún ætlað að fara út að skemmta sér með samstarfsfólki sínu á B....., og hafi það ætlað að hittast á Rauða ljóninu. Ákærði hafi komið á heimili hennar fyrr um kvöldið, u.þ.b. kl. 20.00. Hann hafi hringt til sín og spurt, hvort þau ættu ekki að hittast, og hún sagt, að hann gæti komið á heimili hennar áður. Hún segir, að ákærði hafi verið sífellt að hringja í sig og biðja hana að hitta sig eða fara

út með sér, en hún hafi ekki viljað það. Hann hafi verið ágengur og sífellt verið að ganga á eftir henni, en aldrei hafi verið neitt á milli þeirra. Hún segir, að þegar ákærði kom, hafi móðir sín og systir verið þar og undir lokin hafi Ú... Þ... M... komið líka, en hann hafi ekið ákærða heim til hennar. Hún kveðst hafa talað við Ú... fyrr um kvöldið og bedið hann um að koma í síðara lagi með ákærða, þar sem hún nennti ekki að fá hann snemma heim til sín. Hún segir, að ákærði hafi komið með nokkra bjóra og hún drukkið einn til þrjá, og hann hafi einnig drukkið eitthvað. Síðar um kvöldið hafi móðir sín ekið þeim þremur á Eiðsgranda, og kveðst hún ekki hafa fundið til áfengisáhrifa að neinu marki og ekki mikið séð á ákærða heldur, en hún kveðst ekki muna, hvernig ásigkomulag ákærða var þá. Á Eiðsgranda hafi S..., samstarfskona sín, verið, og húsráðandi, H.... Þarna hafi verið haft áfengi um hönd, og kveðst hún hafa drukkið u.þ.b. hálft vodkaglas. Hún hafi þá verið orðin eitthvað skrítn og stuttu seinna eins og dauðadrukkin og mjög undarleg. Þetta hafi aldrei komið fyrir áður, er hún hafi drukkið áfengi, og kveðst hún enga skýringu hafa á því, hvers vegna hún varð svona drukkin af ekki meiri vındrykkju; þetta hafi hvorki komið fyrir sig fyrr né síðar. Um miðnætti hafi hópurinn farið á Rauða ljónið. Hún hafi ætlað að panta sér í glas, en systir sín sagt, að hún skyldi drekka vatn, sem hún gerði. Hún hafi því ekkert áfengi drukkið á Rauða ljóninu. Stuttu seinna hafi hún tekið leigubíl heim vegna ástandsins. Hún segir, að hún hafi lítið sem ekkert haft af ákærða að segja, eftir að þau fóru frá heimili hennar, hún hafi örugglega ekkert haft af honum að segja á Rauða ljóninu og lítið sem ekkert talað við hann á Eiðstorginu, enda var ekkert á milli þeirra, því hafi farið fjarri. Hún segir, að á leiðinni í leigubífreiðinni hafi hún kastað upp blóði, og þegar hún kom heim, hafi hún strax farið í háttinn og sofnað í nærbuxum einum fata og sofið fast fram á morgun. Hún hafi vaknað við það, að ákærði lá nakinn í rúmi hennar, og kveðst hún hafa farið fram og hugsað með sér, hvað maðurinn væri að gera hérna, hvað væri eiginlega að ske, þar sem hún mundi ekki eftir að hafa hleypt honum eða nokkrum öðrum inn.

Hún hafi fundið, að við sig hafi verið átt kynferðislega, en um þetta hafi hún ekki spurt ákærða, þar sem hún hafi viljað fá hann sem fyrst út úr húsinu; hún hafi sagt honum að hypja sig. Hann hafi sagt, að hún hafi alveg vitað af honum þarna um nóttina. Hún hafi orðið æfareið og spurt hann, hvernig hann hefði komist inn, og hann hafi sagt henni, að hann hefði komist inn um gluggann. Strax er hann var farinn, hafi hún sett rúmfatnaðinn og nærbuxur sínar í þvottavél. Hún hafi fundið nærbuxurnar, sem hún hafði sofnað í, við fótagaflinn í rúminu, þegar hún tók rúmfötin af rúminu. Eftir að hún setti þvottinn í vélina, hafi hún fengið

„sjökk“, grátið mikið, en þvegið sér svo rækilega. Hún hafi ekki orðið vör við neitt óvenjulegt á líkama sínum, svo sem klór eða því um líkt. Hún segir, að það hafi aldrei fyrr komið fyrir sig, að hún myndi ekki allt eftir drykkju, og hafi hér verið um minnisleysi vegna undanfarandi ölvunar að ræða, sé það í fyrsta skipti, sem það komi fyrir sig.

X segir, að hún hafi lokað eldhússlugganum, er hún fór að sofa, en þó haft á glugganum smárfu með því að hafa krækjurnar á glugganum í mótastykkjunum í gluggakarminum, svo að hægt væri að hafa hann lítils háttar opinn.

X kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvað skeði þarna um nóttina, og það sé í sínum huga enginn vafi á því, að ákærði hafi notað sig kynferðislega, án þess að hún gæti spornað við því sökum ástands síns. Hún hefði aldrei tekið það í mál að hafa samfarir við ákærða, hvorki í þetta skipti né annað. Milli þeirra hafi aldrei verið annað og meira en vinskapur. Þau hafi verið vinnufélagar í u.þ.b. 2 til 3 ár.

X var færð til lækni skoðunar kl. 20.00, skömmu eftir upphaf skýrslutöku af henni hjá RLR. Í álitserð dr. med. Arnar Haukssonar kvensjúkdómalæknis segir svo m.a.:

„Skoðun: X kemur í fylgd vinkonu. Hún er skelfd og segist aldrei ætla að smakka áfengi frammar, segist ekki treysta sér í vinnu, því að hún komist ekki hjá því að þurfa að kalla upp ofanefndan mann, og segist ekki geta hugsað sér að heyra hann né sjá. Hún er þó róleg og yfirveguð og samvinnuþýð og gefur skýra frásögn. Hins vegar segist hún enga minningu hafa (sic), frá því að hún háttar, þar til hún vaknar, kveðst ekki hafa merkt neina ytri áverka.

Almenn skoðun: Við ytri skoðun er ekki að sjá neina ytri áverka.

Kvensjúkdómaskoðun: Ytri kynfæri og leggöng edlileg, engir áverkar. Óverulegt slím í leggöngu. Tekin eru sýni frá ytri börmum, leggöngum, leghálsi og legholi og strokið á gler fyrir smásjárskoðun og meinafrumurannsókn. Einnig er tekið slím í geymslu fyrir hugsanlega vefjaflokkagreiningu.

Smásjárskoðun: Við ýtarlega leit á átta glerjum (sic) finnast ekki neinar sæðisfrumur. Því eru send sýni í meinafrumurannsókn.

Niðurstaða: X kærir samstarfsmann sinn fyrir innbrot og nauðgun, meðan hún lá djúpt sofandi í eigin rúmi í læstri íbúð eftir áfengisdrykkju; vissi ekki af þessu, fyrr en hún vaknar með manninn nakinn við hlið sér. Við líkamlega skoðun svo og kvensjúkdómaskoðun finnast ekki neindir ytri áverkar. Ekki fundust sæðisfrumur við smásjárskoðun. Hins vegar geta verið allt að 20 klst. frá atburði til skoðunar, auk þess sem X hefur farið í ýtarlegt bað (sic). Maðurinn lá hins vegar nakinn við hlið henni í rúminu og hún komin úr nærbuxum sínum, sem hún alltaf sefur í, auk þess sem hún

segist hafa fundið, að við sig hafi verið hafðar samfarir, „maður finni nú slíkt auðveldlega“. Henni var gefinn lyfseðill á sýklalyf í fyrirbyggjandi tilgangi. Þá fær hún veikindavottorð frá 23. - 19. nóvember, þar sem hún treystir sér ekki í vinnu. Hún er að auki frædd um tilurð (sic) stuðningshóps kvenna gegn nauðgun.“

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR að morgni næsta dags svo og við meðferð málsins. Hann segir, að umrætt sinn hafi sér verið boðið heim til X á heimili hennar að, en hann og X unnu bæði á B...., og stóð til, að fleira starfsfólk bættist í hópinn síðar. Starfsfélagi sinn, Ú... Þ... M...., hafi ekið sér þangað. Þegar hann kom þangað, voru þar auk X móðir hennar og systir. Ákærði kveðst hafa komið með áfengi með sér, pela af sterku áfengi og 6 bjóra. Þarna hafi þau neytt áfengis, og kveðst ákærði hafa verið töluvert vel undir áhrifum, er þau fóru út á Eiðisgranda. X og ákærði hafi drukkið megnið af áfenginu, sem hann kom með á heimili hennar, og hún hafi einnig verið talsvert undir áhrifum, er þau fóru frá heimili hennar. Systir hennar, A..., hafi neytt lítillaga áfengis og móðir hennar ekki, enda ók hún þeim út á Eiðsgranda. Á Eiðsgrandanum hafi hann og X einnig neytt talsverðs áfengis. Auk þeirra voru þar húsráðandi, S.... og A.... og vinkona húsráðanda, og síðar bættist Ú... Þ... M...., starfsfélagi ákærða, í hópinn. Vel hafi farið á með þeim X, þ.e. þau hafi mikið talað saman, sérstaklega á heimili hennar, en annað og meira hafi það ekki verið. Um miðnætti hafi hópurinn farið á Rauða ljónið, og þar var haldið áfram að skemmta sér og drekka. Hann hafi ekki haft meiri afskipti af X þar en öðrum kunningjum þar á staðnum. Hann hafi orðið þess var, að X var farin af staðnum, en hvenær það var, kveðst hann ekki muna. X hafi verið orðin „blindfull“ og hann sjálfur líka. Hann hafi orðið bæði fúll og reiður af því, að X kvaddi sig ekki, sér hafi fundist hann eiga það inni hjá henni, þar sem hún bauð honum heim til sín fyrr um kvöldið og var að skemmta sér með honum ásamt öðrum. Hann hafi farið af staðnum, skömmu eftir að X fór. Tók hann leigubifreið, en kveðst ekki muna, hvort henni var ekið rakleiðis að eða hvort hann kom einhvers staðar við á leiðinni, svo hafi vel getað verið, þótt hann muni það ekki. Þegar hann kom að íbúð X, hafi hann hringt bjöllunni og kallað inn um eldhússgluggann, sem var við hliðina á útidyrnum, en hún hafi ekki svarað. Þá hafi hann tekið þéttingsfast í eldhússgluggann, sem var kræktur aftur, og sér til undrunar gaf glugginn strax eftir. Kveðst hann þá hafa skriðið inn um gluggann og inn í svefnherbergi X, þar sem hún svaf. Settist hann á rúmstokkinn, glugga megin við rúmið, að því er hann telur, og reyndi að vekja hana, en hún steinsvaf. Hann hafi engu tauti við hana komið og lagst til svefns í öllum fötum við hlið hennar í rúminu, nær glugganum á herberginu, og sofnað. Hann hafi verið ofurólvi og sofnað strax. Seinna um

nóttina vaknaði hann, og var honum heitt og ómótt og klæddi sig úr öllu nema nærbuxum. Sofnaði hann aftur og vaknaði síðar. Sneri þá X bakinu í hann. Hann hafi séð, að hún var nakin niður að mitti, en sængin hafi hulið hana að öðru leyti. Fór hann að láta vel að henni og kyssti hana á bakið. Sneri hún sér þá við, og kveðst hann þá hafa spurt hana, hvort hún vissi, hver hann væri, og hafi hún svarað því játandi. Hún hafi spurt sig, hvernig hann hefði komist inn, og kveðst hann hafa sagt, að hann myndi segja henni það seinna. Hann minntist þess ekki fyrir dóminum, að hann hefði spurt hana um það, hvort hún væri vakandi, en það gæti vel verið, hann hefði verið mjög ölvaður og myndi þetta ekki. Við yfirheyrslu hjá RLR sagði ákærði, að hann hefði, er hér var komið sögu, spurt X, hvort hún væri vakandi, og hún hefði játað því. Ákærði segir, að hann hafi haldið áfram að láta vel að stúlkunni og gælt við hana og síðan haft við hana samfarir. Hann hafi lagst ofan á hana og hún tekið þátt í samförunum, sem hafi verið eins eðlilegar og þær geta verið á milli karls og konu. Ákærði segir, að X hafi verið með sængina yfir sér, þegar hann kom fyrst inn, en þegar hann fór að láta vel að henni, hefði hún verið í nærbuxum einum klæða, sem hann klæddi hana úr, og hjálpaði hún honum við það. Það sé því rangt, að stúlkan hafi verið vindaud eða sofandi, og hann hafi ekki getað túlkað samfarir þeirra öðruvísi en svo, að þær hafi verið eðlilegar og hún tekið eðlilegan þátt í þeim. Hann hafi því hvorki beitt hana þvingunum né notað sér það, að hún væri ofurölvi eða sofandi. Að samförum loknum hafi þau bæði sofnað. Þegar ákærði vaknaði, var X að fara fram úr. Kveðst hann hafa boðið góðan daginn eða eitthvað í þeim dúr, en hún strax orðið reið. Hann hefði reynt að ræða eitthvað við hana frekar, en hún hefði ekkert viljað við sig tala og sagt sér að fara. Hann hefði því haldið, að hún hefði haft „móral“ yfir því, sem skeði um nóttina. Hún hefði hvorki spurt sig, hvað hefði átt sér stað né hvort þau hefðu haft kynmök, en spurt sig, hvernig hann hefði komist inn, og hann sagt henni það.

Ákærði kveðst hafa greitt þær bætur, sem stúlkan fór fram á vegna máls þessa, en í því hafi ekki falist, að hann hafi viðurkennt þann verknað, sem hann er ákærður fyrir; hann hafi með þessu viljað gera gott úr hlutunum og reyna að koma sambandinu við X í lag, þar sem hann vissi, að stúlkunni leið illa eftir þetta.

Vitnið G.... E.. M.... kveðst hafa verið statt á heimili dóttur sinnar, X, umrætt kvöld ásamt dætrum sínum, A... og X. Þar hafi ákærði verið gestkomandi. Áfengi hafi verið haft um hönd, en hún geti ekki nánar borið um neysluna. Hún hafi síðar um kvöldið ekið dætrum sínum og ákærða að Eiðsgranda. Þau hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki sjáanlega mikið. Hún telur, að dætur sínar hafi átt bjór

heima og drukkið þrjá þeirra saman, en ákærði hafi komið með áfengi með sér. Ákærði og X hafi verið vinnufélagar, og þar sem hún kveðst einnig hafa unnið á sama stað og þau, hafi sér verið um það kunnugt, að ákærði hafði mikinn áhuga á X, en hún engan áhuga á honum. Því hafi ekkert annað og meira verið á milli þeirra.

Vitnið A.... H..... kveðst hafa komið á heimili systur sinnar, X, að loknum vinnudegi skömmu eftir kl. 18.00 umrætt kvöld. Þar hafi auk X verið móðir þeirra. Afráðið hafi verið að horfa á fegurðarsamkeppni í sjónvarpinu. Síðar um kvöldið hafi ákærði og Ú.... Þ.. M..... komið þangað og horft með þeim á keppnina. Hún segir, að þær systur hafi drukkið einn og hálfan áfengan bjór hvor, en ákærði eitthvað af áfengi. Móðir þeirra hafi ekið þeim síðar út á Eiðsgranda. Hún hafi ekki fundið til áfengisáhrifa, og ekki hafi verið að sjá teljandi áfengisáhrif á hinum. Á Eiðsgranda hafi hún ekki drukkið áfengi, en systir sín eitthvað lítillega. X hafi orðið furðulega fljótt drukkin, er þau voru þarna í húsinu á Eiðsgrandanum, og hafi hún furðað sig á því, þar sem hún hafði aldrei séð hana svo drukkná áður. Þau hafi síðan farið yfir á Rauða ljónið. Þar kveðst hún hafa drukkið einn bjór, en X hafi ekkert drukkið þar, hún hafi reyndar beðið sig að kaupa fyrir sig áfengisglas, en því kveðst hún hafa neitað og sagt henni að fá sér vatnsglas þess í stað. X hafi beðið sig um að lána sér peninga til þess að hringja, og fljótlega eftir það hafi hún farið heim. Er hún kom frá því að hringja, hafi hún verið orðin þvöglumælt og óskýr. Hún hafi aldrei áður séð systur sína svo drukkná, og hafi hún verið mjög undrandi á ástandi hennar, vegna þess að hún vissi, hve lítið hún hafði drukkið. X sé ekki vön að drekka mikið magn, en hún hafi séð hana drekka meira áfengismagn, án þess að svo mikið sæi á henni. X sé að sínu mati hófsöm á áfengi. X hafi lítið sem ekkert haft af ákærða að segja á Rauða ljóninu. Þau ákærði og X hafi verið vinnufélagar, og ekkert samband hafi að öðru leyti verið á milli þeirra. Ákærði hafi verið áberandi ölvaður á Rauða ljóninu, hann hafi verið farinn að stæla við sig og verið leiðinlegur. Hún segir, að sér sé ekki kunnugt um, hvort ákærði hafi verið aðgangsharður eða ágengur við X, en hún hafi sagt sér, áður en þessi atburður átti sér stað, að ákærði hengi yfir sér og færi því „í taugarnar“ á sér.

Vitnið Ú.... Þ.. M..... kveðst hafa talað við vinnufélaga sinn, X, í bílasíma umrætt kvöld, en um það hafði verið rætt, að eitthvað af starfsfólki B..... færi út að skemmta sér saman þetta kvöld, en hvort hann hringdi í hana eða hún í sig, man hann ekki. Um það hafi verið rætt fyrr um kvöldið, að hann æki ákærða heim til hennar. Í þessu samtali hafi X beðið sig að koma seinna með ákærða en um var rætt, en af hvaða ástæðum, kveðst hann ekki vita. Hann hafi farið ásamt ákærða um kvöldið

heim til X, en man nú ekki, hvað klukkan var. Þar hafi verið X ásamt systur sinni, A..., og móður þeirra. Hann hafi ekkert áfengi haft þar um hönd, en X, systir hennar og ákærði hafi drukkið bjór og áfengi. Hann hafi staldrað þarna við í u.þ.b. 1½ klst., en þá hafi hann ekki séð mikil áfengisáhrif á þeim. Síðan hafi hann farið að vinna og farið heim til sín, en komist að því, að vinnufélagarnir voru komnir að Eiðsgranda 7, og þangað hafi hann farið síðar um kvöldið. Þá hafi ákærði verið orðinn ölvaðri en áður, þó ekki áberandi ölvaður, en mikið hafi farið fyrir honum og hann verið „þirrandi“. X hafi verið orðin verulega ölvuð, en þó hafi ekki liðið nema 2 - 2½ klst., frá því að hann fór frá heimili hennar og kom að Eiðsgranda. Þaðan hafi hópurinn gengið yfir að Rauða ljóninu, og hafi X verið orðin svo ölvuð, að það þurfti að styðja hana. Hann segir, að hann hafi mest rætt við systur X, A..., þarna á staðnum og því lítið veitt X og ákærða athygli, en þó séð, að þau voru bæði orðin mjög ölvuð, sérstaklega X. Hann hafi orðið þess var, að X fór af staðnum, og ákærði var einnig farinn af staðnum fyrir lokun. Hann segir, að ákærði og X hafi verið góðir kunningjar að sínu mati, en annað og meira hafi það ekki verið. Hann kveðst telja, að ákærði hafi haft áhuga á X, en það hafi ekki verið gagnkvæmt. Þó hafi þeim verið vel til vana og m.a. oft farið út að skemmta sér í hópi fleira fólks, en ekki tvö ein. Kveðst hann ekki hafa orðið þess var, að ákærði hafi sýnt af sér ágengni né yfiringang gagnvart X.

Vitnið S..... segir, að það hafi hitt ákærða og X ásamt fleira fólki að Eiðsgranda 7, á heimili vinkonu sinnar, og þar hafi áfengi verið haft um hönd. Hún hafi lítið drukkið, en ákærði og X hafi, að sig minni, drukkið vodka, en hversu mikið, veit hún ekki, en hún hafi veitt því athygli, er þau gengu yfir að Rauða ljóninu, að X var orðin dauðadrukkin, sem var óvenjulegt af henni að vera. Áður en ákærði og X komu að Eiðsgranda 7, hafi þau verið „vel í glasi“, en það hafi fyrst verið á leiðinni að Rauða ljóninu, sem ástand X var orðið á þann veg, sem hún hefur lýst. Hún segir, að hún hafi ekki veitt því eftirtekt, hvort X neytti áfengis á Rauða ljóninu, en telur, að hún hafi ekki farið á barinn. Ákærði hafi verið orðinn drukkin og „einhver hasar í honum“, hann hafi verið óvenjuæstur og ör. Hún segir, að X hafi farið frá Rauða ljóninu á undan sér, en hvort svo var um ákærða, kveðst hún ekki vita. Ákærði og X hafi ekki rætt meira saman á Rauða ljóninu en aðrir vinnufélaganna. Milli þeirra hafi ekkert ástarsamband verið, aðeins það samband, sem sé milli vinnufélaga. Sér sé hins vegar kunnugt um, að ákærði hafi eitthvað verið að „spá í“ X, en hún hafi engan áhuga haft á honum. Ákærði sé frekar uppáþrengjandi, hafi stundum hringt í X til þess að reyna að fá hana út með sér.

Vitnið K..... R..... kveðst minnst þess að hafa ekið X um eða skömmu eftir miðnætti umrædda nótt frá veitingastaðnum Rauða ljóninu

að Hún hafi verið ölvuð og mjög veik, því að hún hafi kastað upp a.m.k. tvívegis, og hafi hann þurft að stöðva bifreiðina og fá henni poka til þess að nota. Hún hafi kvartað mjög yfir því, hversu illa sér leið. Hann hafi ekið henni að heimili hennar og boðist til þess að fylgja henni að útidyrnum, en hún ekki þegið það, og hafi hann því fylgst með henni, þar til hún var komin inn í íbúðina.

Vitnið S..... G..... S..... kveðst hafa ekið með mann, sem hann telur, að sé leigubílstjóri, frá Rauða ljóninu umrædda nótt að húsi í G með viðkomu í S. Maðurinn hafi verið um 30 - 35 ára, rólegur í alla staði og verið undir áhrifum áfengis, frekar meira en minna.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hittust ákærði og X umrætt kvöld á heimili hennar og hófu þar áfengisneyslu ásamt systur hennar. Þaðan héldu þau í hús við Eiðsgranda, þar sem fleira fólk var saman komið, og var þar haldið áfram drykkju. Samkvæmt framburði vitna er ljóst, að X var orðin mjög drukkin, er farið var frá Eiðsgranda að Rauða ljóninu, en þaðan fór X, skömmu eftir að hún kom þangað. Hefur leigubifreiðarstjóri sá, er ók henni heim, borið, að hún hafi verið ölvuð og mjög veik á leiðinni heim, enda hafi hann boðist til að styðja hana inn í húsið, er komið var að heimili hennar. Er þessi framburður í samræmi við framburð X, sem hefur borið, að þrátt fyrir tiltölulega litla drykkju hafi hún verið orðin dauðadrukkin og því farið heim. Er ljóst, að ákærði, sem enn fremur var orðinn drukkin, fór heim til hennar skömmu síðar, spennti upp eldhússglugga á heimili hennar, fór þangað inn í heimildarleysi og reyndi að vekja hana, en án árangurs.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi reynt að vekja X, eftir að hann kom inn í svefnherbergið, en hún hafi steinsofið og hann engu tauti við hana komið. Hann hafi þá sofnað í öllum fötum við hlið hennar í rúminu, enda verið ofurölvi og sofnað strax. Seinna um nóttina hafi hann vaknað og afklæðst öllu nema nærbuxum, sofnað aftur, en vaknað og farið að láta vel að X, sem var nakin niður að mitti. Hann hafi skipst á nokkrum orðum við hana, m.a., hvort hún væri vakandi og hvort hún vissi, hver hann væri. Þá hafi hann með hennar hjálp klætt hana úr nærbuxum og í framhaldi af því haft við hana samfarir, sem hún tók eðlilegan þátt í, og viðsfjarri sé, að hún hafi verið vindaud eða sofandi. Þau hafi sofnað, en þegar þau vöknðu um morguninn, hafi X strax orðið reið. Hann hafi sagt við hana eitthvað á þá leið, að hún hafi alveg vitað af honum þarna um nóttina. Hefur X staðfest, að ákærði hafi viðhaft þau ummæli um morguninn.

Stúlkan X hefur hins vegar haldið því fram, að hún hafi ekki getað

spornað við samræðinu, enda verið í fasta svefni alla nóttina og ekki haft hugmynd um samfarirnar, en fundið, að við sig hafi verið hafðar samfarir, en það hefði hún aldrei tekið í mál, hvorki þá né í annan tíma, þar sem hún vildi ekkert með ákærða hafa. Hún hafi orðið ofsareið, er hún vaknaði, og hugsað um það eitt að koma ákærða út. Þess vegna hafi hún ekki spurt ákærða, hvort hann hefði haft við sig samfarir, áður en hún rak hann á dyr. Er ákærði var farinn, kveðst hún hafa þvegið rúmfötin og sjálfri sér. Kærði hún atburðinn samdægurs til RLR.

Þegar litið er á málavöxtu í heild, einkanlega framburð X, en framburður hennar um það, að hún hafi verið algjörlega afhuga ákærða, fær stoð í framburði vitna, og það, að ákærði braut sér leið inn á heimili hennar, afklæddi sig ofan í rúm án vitneskju hennar, og viðbrögð hennar eftir atburðinn, en hann kærði hún samdægurs, og það, að hún virðist ekkert tilefni hafa haft til að kæra ákærða að ósekju, þykir ekki varhugavert þrátt fyrir neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi haft samfarir við X, á meðan hún svaf ölvunarsvefni, enda vissi ákærði, að hún var orðin mjög ölvuð, er hún fór heim á leið, og hlaut honum að vera ljóst ástand hennar, er hann hafði við hana samfarirnar. Með framangreindri háttsemi hefur ákærði gerst sekur um þann verknað, er honum er að sök gefinn í ákæru og þar er réttilega heimfærður til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem skipta máli við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi, en þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið refsidóm og hann hefur greitt framkomna skaðabótakröfu, þykir mega fresta fullnustu 6 mánaða af refsingunni og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Kærandi lagði fram skaðabótakröfu á hendur ákærða við rannsókn málsins hjá RLR, og greiddi ákærði hana, áður en meðferð málsins hófst.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjörtur Cyrsson, sæti 9 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., kr 50.000.